



Heimdallur 1929 - 1934 og 1968 – 1969, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Lög Heimdallar – Ólafur Thors – Félagstíðind Heimdallar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-40, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnmalanamskeið Heimdallar,
Bjarni Benediktsson, ráðherra.

Það má segja, að Íslendingar séu óvanir að fara með utanríkismál og þekki því minna til þeirra, heldur en ýmsar aðrar þjóðir. Þetta kann nú að virðast einkennilegt, þegar á það er litið, að við höfum oft sagt, það sem satt er, að um marga áratugi, ekki alls fyrir löngu, hafi stjórnmalabarátta Íslenska snúist meir um utanríkismál, heldur en innanlandsmálin. En þau utanríkismál, sem þá var barist um, vörðuðu aðeins samband okkar við eitt land, það var frælsisbarátta þjóðarinnar gagnvart annari þjóð, sem hafði tekið sér yfirdrottun hér á Íslandi og lét Íslendinga vera hluta af sínu ríki.

Öll stjórnmalabarátta Íslendinga, eða mest, snérist ummarga áratugi til þess að losna úr þeim viðjum, sem þetta lagði á okkur.

Útlönd þá voru að mestu leyti í okkar augum Danmörk, og viðhorfið mótaðist að miklu leyti ákaflega mikið af því. Innanlandsmálin urðu að lúta í lægra haldi fyrir þessari viðureign, og okkur hætti við að líta á umheiminn um of, sem einskonar útibú frá Danmörk eða Kaupmannahöfn.

Þetta hefur auðvitað mikið breyzt eftir að Íslendingar fengu aukið sjálfstæði, fyrst með sambandslögunum 1918, þegar viðurkennt var, að Íslendingar hefðu sín eigin utanríkismál, en Danir færu með þau og síðan varð algjör breyting á þessu, þegar Íslendingar stofnuðu lýðveldi 1944 og slitu þar með öll bönd við Danmörk. Höfðu þó áður í stríðsbyrjun, eða í apríl 1940, neyðst til að taka meðferð þessara mála að öllu leyti í sínar hendur, vegna þess að Danir voru þess ekki umkomnir

lengur að fara með þau fyrir okkar hönd. Og það er eiginlega fyrst frá þeim tíma, í apríl 1940, sem segja má, að Íslendingar hafi sjálfir leiðbeiningarlaust og milliliðalaust af öðrum, orðið að taka ákvarðanir til hlítar um sín utanríkismál. Að vísu var það svo á tímabilinu frá 1918 til 1940, að Danir gátu ekki bundið okkur, nema með okkar samþykki, en þessi mál fóru í gegn um hendur Dana öll, nema sambandið við Danmörku sjálft, og við urðum þannig að sja þau í gegn um dönsk gleraugu.

Nú er það auðvitað svo, að utanríkismál höfðu þýðingu fyrir Íslendinga löngu fyrir þennan tíma, en vegna þess að við vorum hluti af Danmörku, lengst af áður, þá urðum við þess minna varir. Margt af því, sem aflaga fór þá, og menn töldu að lægi nokkuð í hlutarins eðli og ekki væri hægt að gera við, leiddi af því, að aðrar ákvarðanir voru teknar í utanríkismálum, heldur en okkur hentaði, án þess að það væri nokkuð undir okkur borið, og án þess að menn hefðu nokkurn tíma færi á að hugsa um það hér eða skylja það til hlítar.

En það voru einnig fleiri atvik, sem gerðu það að verkum, að einmitt eftir 1940 þurfti Ísland meir en áður að gera sér grein fyrir, hvaða stefnu það mundi fylgja í utanríkismálum, og það er ekki sízt, að fram að þeim tíma, frá því að siglingar hófust svo hér um norðurhvel að hægt væri að segja, að Ísland væri umheiminum kunnugt. Þóhafði Bretland ætíð fram til 1940 verið allsráðandi á höfunum umhverfis Ísland. Þetta kom glögglega fram til dæmis í Napoleon-styrjöldunum um aldamótin átján hundruð frá til 1815, þá tilheyrðum við Danmörku, en Bretar réð

yfir hafinu umhverfis Ísland og réðu því algjörlega, hvaða skip fengju hingað að koma. Og ef rétt stríðslög hefðu verið látin gilda, þá hefðu Íslendingar soltið til dauðs á þessum árum, vegna þess að Danir voru þess ekki um komnir að halda uppi siglingum til landsins, en vegna góðvildar einstakra velmanna í Bretlandi, sem voru okkur góðviljaðir, voru vægará reglur látnar um okkur gilda, og Bretar héldu í okkur lífinu.

Nokkuð það sama kom upp á árunum 1914 til 18, þó að Danmörk væri þá ekki í stríðinu, að þá kom í ljós, að Bretar voru alls ráðandi á hafinu hér í nágrenninu og héldu í raun og veru öllum ófriði frá Íslandi.

En breytingin, sem á var orðin í þessu, kom glögglega fram í maí 1940, þegar Bretar töldu sér ekki fært að hafa sömu gæzlu á norðurhöfum, eins og þeir höfðu haft í næstu stórstýrjöldum á undan, án þess að taka sér beinlínis setu hér á landinu, það er að segja að veikari aðstaða Breta í þessari stýrjöld, heldur en stundum áður og breyttar aðstæður, vegna flugvéla og kafbáta, gerði það að verkum, að Bretum reyndist óumflýanlegt eins og gangur stríðsins sýndi að fá bæki töðvar hér. Sú vernd, sem Bretar höfðu áður haft yfir norðurhöfunum og þá var okkur ósýnleg og ekki nema fáir gerðu sér græn fyrir að átti sér stað í raun og veru, hún kom glögglega fram, og það var öllum landsmönnum auðsett með hernáminu 1940 og með því dróst Ísland í fyrsta skipti inn í atburðarás heimsstjórnarmanna, þannig að engum tjáði lengur að loka augunum fyrir því, og þannig, að Íslendingar allir eða megin þorri þeirra samfærðist

um að aðstæða okkar væri svo ólík aðstæðu Dan-
mörku og við settum svo mikið í húfi sjálfir, að
við yrðum að fara með þessi mál upp á eigin spýtur
og gætum ekki átt þau undir ákvörðunum manna í
fjarlægum landi, sem allt annarra hagsmuna höfðu
að gæta, heldur en við sjálfir.

Mér sýnist, að það meigi eiginlega segja, að á
þessu vori, 1940, verði sú breyting, sem gerir
það að verkum, að utanríkismál í þeirri merkingu, sem
þau hafa með öðrum þjóðum, en ekki aðeins frelsis-
barátta gagnvart einni þjóð, að utanríkismálin verði
einn megin þátturinn í íslenskum stjórnmálum.

Nú eru utanríkismálin eða sú stefna, sem hver
þjóð fylgir í þeim, er nú komið undir ýmsum atvikum.
Þar um ræðir auðvitað stærð landsins og þjóðarinnar
ákaflega miklu. Lega landsins hefur mjög mikla
þýðingu, menningarstig þjóðarinnar, samúð og and-
úð með öðrum þjóðum, sem mjög fer eftir menningar-
stigi þjóðarinnar sjálfrar, viðskiptahagsmunir, það,
hvort þjóðin hefur löngun til yfirráða yfir öðrum þjóðum
eða er frábitin því, svo sem er til dæmis um Íslendinga,
og ýms þannur atvik, sem eru óbreitt um langan tíma
hjá hvergi þjóð út af fyrir sig, gerir það að verkum,
að því hefur lengi verið haldið fram, að utanríkis-
~~málin~~ málin væru í eðli sínu alveg ólík innanlands-
málunum. Þannig, þó að stjórnmálaflokkarnir deildu
um innanlandsmálin, þá settu þeir engu að síður að geta
haft sameiginlega stefnu í utanríkismálum.

Það hefur líka svo verið um ýmsar þjóðir. Það má
til dæmis minna á það, að meginlandsþjóðirnar hafa
mjög öfundað Breti yfir því, að þó að þeir deildu

og skiptu iðulega um stjórnir, þá væri það tiltölu-
lega sjaldan út úr utanríkismálum, vegna þess að
það væri nokkuð sama stefnan, sem þar ríkti áratug
eftir áratug án tillis til þess, hvaða stjórnmála-
flokkur færi með völd.

Ég man það, að þessu var haldið fram í gömlum
ritum, þegar ég var nú ungur. Ég man eftir því, að
því var haldið fram og öfundast yfir því til dæmis í
Þýskalandi, þegar ég dvaldi þarkring um 1930.

Hið sama hefur nú komið fram eftir stríðið.
Margir mundu tíð til dæmis hafa haldið, að þegar
~~verkaflokkur~~ verkalýðsflokkurinn tók við af
Bretum, nei af Íhaldsmönnum, Attlee var forsætis-
ráðherra í staðinn fyrir Churchill og Bevin utan-
ríkisráðherra í staðinn fyrir Antony Eden, þá mundi
alveg ný utanríkisstefna hafa verið tekin upp. Í
hinni nýju bók sinni, í hreinskilni sagt, segir
fyrverandi utanríkisráðherra Berns, góðar sögur um
þetta. Hann segir, að það hafi verið ensk hefðar-
kona, sem hafi verið að hlusta á ræðu, sem Bevin
flutti um utanríkismál skömmu eftir að hann tók við
af Antony Eden. Hann segir, að hún hafi sagt sem svo:
Antony Eden talar nú ansi vel núna, en hann er orðinn
töluvert feitari en hann var áður, sem byggðist á
ólíkri líkamsbygginu þeirra Bevins og Antony Edens.
Þið munið, að annar er mjög þrekvaxinn, en hinn grannur
og mjósleginn. En hún átti sem sagt að hafa getað
haldið, að það væri sami maðurinn, sem talaði í
bæði skiptin.

Eins er það eftirtektarvert, að Sovett-Rússland
fylgir í utanríkismálum sínum að ýmsu leyti sömu

stefnunni, eins og fylgt var í keisaradæminu áður fyrri. Það er alveg greinilegt, að kommúnistarnir, sem nú eru við völd í Rússlandi, og fara allra manna hörðustum orðum um yfirráðastefnu stórveldanna, þeir fylgja alveg sömu stefnu til tryggingar ríki sínu, eins og Sararnir Rússnesku og töldu sig þurfa að fylgja áður.

Það er sama viðleitnin til þess að ná yfir löndin í kring, hvar sem er til þess að svæla undir sig ekki aðeins löndin við Eystrasalt, heldur einnig leggja undir sig Pólland, ná inn í Þýskalanda meir en nokkru sinni áður og svo ekki sízt að ná yfirráðunum á Balkan og helst að komast suður fyrir Dardanella-sund og na' Bosporus og Miklagarði. Þetta er viðleitni, sem hefur verið í að minnsta kosti um tvö hundruð ára skeið, glögg í sögu Rússnesku þjóðarinnar, og það er greinilegt, að þó að það séu menn, sem halda fram gjör ólíkum skoðunum í innanlandsmálum, þá fylgja þeir að þessu leyti sömu stefnunni í utanríkismálunum, og eru jafnvel sýnu ágengnari, heldur en þeir, sem ætla mætti þó, að lengra hefðu viljað ganga í drottnunargirninni, eða eftirorðunum einum, mætti fara.

En þessu til viðbótar kemur svo það, að í Sovet-Rússlandi er greinilegt að öðru hvoru hefur skotið upp þeirri hugsjónog ef til vill verið/^{vakandi undir niðri} allan tímann, að Sovet-Rússland ætti ekki aðeins að vera völdugt ríki, heldur ~~winngja~~ einnig ætti það að vera vagma heimsbiltingarinnar, og Sovet-Rússland ætti þess vegna, sem forkólfur biltingarinnar, að reyna að stakka sem allra mest og útvega sér einskona 5.

herdeildir í sem flestum löndum til þess að greiða

fyrir því að heimsbiltingin geti átt sér stað. Með því er þá ekki eingöngu verið að auka áhrif Rússlands, og það er sér á parti að auka áhrif Rússlands. Það er til dæmis ekki nokkur vafi á því, að í landi eins og Póllandi, þá er mikil gremja jafnvel hjá ýmsum kommúnistum yfir ágegni Rússlands sjálfs gagnvart landamærum Póllands, þó að hvortveggi vilji láta kommúnisman verða sem allra öflugastan. En hjá Rússum, valdhöfunum núna, kemur það til viðbótar, að sú stefna er auðsjánlega ráðandi, að Kommúnistaflokkurinn eigi að nota valdaaðstöðu sína í Rússlandi til þess að greiða fyrir heimsbiltingunni, fyrir því að kommúnistafyrirkomulagið geti komið á í sem allra flestum löndum. Og það má auðvitað vara sig á því að rugla því tvennu saman, annars vegar laungun rússnesku valdhafanna til þess að styrkja rússneska ríkið sem hitt?? og hins vegar laungun sömu manna sem kommúnista til þess að ryðja Kommúnismanum braut í sem allra flestum löndum. Þar með kannske einnig að styrkja aðstöðu Rússlands, en ~~æðra~~ aðallega er það Kommúnisminn sem slíkur, heimsbiltingin, sem byggist á alveg ákveðnum, svo kölluðum fræðilegum kenningum, og þessir menn skoða sem vísindalega nauðsyn, sem miklu ræður um gerðir þessara manna.

Þeir, sem vilja gera lítið úr þessari hættu, þeir segja, að yfirdrottnunarstefna Rússa núna er alveg sú sama, eins og Saranna áður fyrri. Það er alveg nægileg skýring á utanríkisstefnu Rússa eins og nú er. Það eru aðrir, og mér sýnist óvæfengjanlegt, að þeir hafi rétt fyrir sér, sem halda því fram, að það sé ekkiaðeins stefna Saranna, sem þarna sérráðandi, heldur sé nýtt atriði komið til viðbótar, að valdhafarnir

þarna telja sig vera einskonar frumkvöðla trúarbragða, sem þeim beri siðgerðileg og nærri vísindaleg skylda til að breiða út um allar jarðir.

En þetta síðasta dæmi sýnir þá einnig, að utanríkisstefnan hlýtur mjög að ~~afk~~ fara eftir því, hver er valdhafinn á hverjum tíma, þó að mörg atriði hennar hljóti að vera svipuð og verði í raun og veru ekki umflúin, þá er hægt að leggja ~~mikinnnaðni~~ mismunandi mikið upp úr þeim, og menn getakomið með alveg nýja stefnu og virt að vettugi, það sem áður var talið eðlilegt.

. Ef við lítum nú á stöðu Íslands að þessu leyti, þá er það nú greinilegt, að í fyrsta lagi, þá hlýtur ísáand vegna smærðar sinnar að hafa hug á því, að friður haldist í heiminum, vegna þess að nú erum við frjálsir, eftir því sem smáþjóð getur verið frjáls, og ófriður hlýtur að færa okkur auknar hættur. Við getum aldrei haft neitt að vinna við ófrið, eins og sumar þjóðir, við erum ekki hernaðarþjóð, okkur dettur ekki í hug að vígbúast einu sinni til varnar, hvað þá heldur að sækja á aðra, vegna þess að það mundu verka eins hlægilega á okkur eins og aðra, ef að við ættum að fara að standa í hernaði og vinna til lands. Við erum víst flestir sammála um það, að við höfum nóg ~~við~~ með að stjórna okkar litla landi sjálfir, þó að við tækjum ekki meira að okkur í þeim efnum, enda mun það nú ekki standa okkur til boða, eða verða auðfengið.

Svo að við erum alveg lausir við þann þátt utanríkismálanna að hafa nokkurn landvinnings hug á hendur öðrum ríkjum. Í því sambandi tala ég nú ekki um

hug um að fá ??? Grænland og annað slíkt, sem er nú leifar af gamalli sjálfstæðisbaráttu við Dani, og hvílir þá á óljósum hugmyndum manna um rétt og lög-vísindi, en lísir auðvitað engu um ~~yfirtá~~ yfirráða-hug þjóðarinnar.

En þá að við höfum nú ekki þannig löngun til þess að hafa áhrif á aðrar þjóðir eða svæla þær undir okkur, þá þurfum við auðvitað að gera okkur grein fyrir, hvaða stefnu við viljum fylgja gangvart öðrum þjóðum. Nú, það er nú kannske of mikið sagt, að engir menn hafi hug á því að svæla aðrar þjóðir undir sig. Við höfum lesið, það sem að ég hygg að sé rétt, til dæmis hugmyndir Einars Olgeirssonar um að stofna einhvers konar Atlandshafsbandalag, þar sem Ísland ætti að ~~varaxþátttaka~~ ver þátttakandi ásamt Danmörku, Noregi og Færeyjum til þess að nytja Grænland og til þess að hafa einhvers konar varnar-vegg á móti Bandaríkjunum.

Það er greinilegt, að þessi hugmynd hún er hugsuð þannig að láta þessi ríki verða einhvers konar útvirki fyrir hið sósíalistíska Rússland. Það byggist á þessari sömu hugsun, sem ég gat um áðan, að halda að Kommúnisminn sé stefna, sem hljóti að sagra í heiminum, og það sé vísindaleg nauðsyn, að hún verði ofaná, og þess vegna séum við eiginlega að vinna í vísindanna þágu með því að gera Ísland að tæki í vörnum þessa ríkis, vörnum eða þá ásókn þess á hendur öðrum þjóðum. Nú þetta er auðvitað mjög fjarri hugsunarhætti megin þorra þjóðarinnar, og þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Nú það má geta þess, svona ykkur til gamans, að það hefur komið fram frá

sama manni á samingafundum stjórnmalaflokkanna fyrir nokkrum árum tillaga um það, að við ættum að bæta aðstöðu okkar í markaðsmálum með því að senda nokkra agitator til Færeyja til þess að koma þar á stað verkföllum, og eigna þá til þess að koma á hjá sér verðbólgu til þess að viðyrðum frekar samkeppnisfærir við Færeyinga, heldur en við erum núna.

Nú það væri auðvitað greinilegt, að ef svona stefnu væri fylgt, þá væri það bein ásnælisstefna gagnvart öðrum ríkjum, en sem ekki hefur hér byr.

Eftir föngum eignum við auðvitað að halda okkur hlutlausum í öllum deilumálum stórveldanna. Sumir vilja láta ganga svo langt í þessum efnum, að þeir segja, að Ísland eigi að leita samninga við önnur ríki um að það verði ~~xx~~ viðurkennt að aldrei verði ráðist á Ísland, og að Ísland geti orðið friðhelgur reitur, þó að til styrjaldar kæmi.

Sannleikurinn er nú sá, að þetta er ein sú fávíslegasta tillaga, sem hugsast getur. Við höfum nú þegar séð, Íslendingar höfðu líst því 1918, að þeir væru hlutlausir og mundu aldrei taka þátt í stríði. Þrátt fyrir það var ráðist inn í landið af okkur vinveittri þjóð 1940, þegar hún taldi sig þurfa á stöðvum hér að halda. Og reynslan frá öðrum þjóðum sýnir að jafnvel þó að slíkir sáttmálar hafi verið hátíðlega undirskrifaðir, þá hafa þeir ekki verið virtir. Belgía hafði verið líst friðhelg á þennan hátt kringum 1830. Það var rofið af Þjóðverjum 1914, þegar þeir töldu sig hafa hag af því, og það var vitað mál, að Bretar og Frakkar höfðu mörg ár áður verið í

samningum við Belgíu um það, hvernig ætti að verja Belgíu, ef til stríðs kæmi, vegna þess að enginn trúði á haldgildi þessa bandalags. Nú, það var líka þekkt aðferð hjá Hitler að hann reyndi einmitt að fá þær þjóðir, sem hann ætlaði að ráðast á til þess að gera við sig ekki árársáttmála. Það var beinn undirbúningur þess, að hann réðist á þær til þess að svæfa þær.

Og á sama hátt hefur farið um ýms nágretta ríki Rússa, ríki, sem voru í mjög góðu viðáttubandalagi eða vináttusambandi við þau, hafa verið gleypt af Rússum, vegna þess að þeir virtu ekki gildandi samninga, og má þar meðal annars minna á Lettland, Lithauen og Estland, sem Rússar tóku, eða gerðu fyrst bandalag við 1939 og fengu stöðvar, en notuðu herstöðvarnar beinlínis til að leggja löndin undir sig.

Það er alveg ljóst, að nú á dögum lifum við ekki á þeim tímum, að það sé að treysta í neinu á ~~xi~~ slíka samninga, það getur verið að slíkir samningar séu virtir, ef að stór og öflug ríki eiga í hlut, sem geti verið sig, en menn mjög varlega treysta því, að réttur okkarar þjóðar, þó aðvið séum sjálfstæð þjóð, sem betur fer og sérstöð, þá meigum við mjög varlega treysta því, að okkar 130,000 manna þjóð, sé virt af stórveldum, sem eru svo miklu mannfleiri heldur en við, ef að þau telja lífshagsmuni sína standa þar í móti.

Við höfum þegar séð, að síðasta stórveldið af þllum, Stóra-Bretland, virti þessa hagsmuni ekki 1940. Bandaríkin virtu þá að vísu 1941, vegna þess að

Þeir vildu ekki koma inn í landið, nema að undan-
gengnum samningum, þó að þeir samningar væru gerðir
af fúsum vilja, þá duldist það engum, og ég þekki
það glögg, sem hafandi fylgzt með því??, þá duldist
það engum, að við áttum von harðræða, ef við hefðum
ekki fert samningana. Það vildi bara svo vel til fyrir
okkur, að hagsmunir okkar féllu alveg saman við löngun
okkar, svo það var enginn árekstur þar á milli.

Við skulum þess vegna ekki halda það, að við getum
búist við því, að Ísland verði að eilífu friðhelgur
blettur. Þar er sjálfsagt fyrir okkar að hafa stjórn
málefna okkar svo, að við eignum engan a'móti okkur, og
gefum engum tilefni til að skoða okkur sem sinn fjand-
mann, en það væri algjör barnaskapur, að trúa því, að
í styrjöld, sem britist út síðar mundi reynslan frá
1940 ekki endurtaka ~~á~~ sig. Og það er óneitanlega
mjög lærdómsríkt fyrir okkur, að athuga afstöðu
kommúnistaflokksins varðandi þessi málefni. Kommún-
istaflokkurinn predikar það nú núna, að við eigum að
verða friðhelgur blettur og ekki ljá neinu erlendu
veldi neinn dvalarstað hér á landi.

Þessir menn voru á móti því, að hverndarsamningurinn
væri gerður 1941. Þeir gerðusitt til þess að spilla
fyrir setuliðsvinnunni hjá Bretum áður, og Einar
Olgeirsson réðist hastarlega á þáverandi ríkisstjórn
fyrir að gera ekki viðskiptasamninga við Þjóðverja um
áramótin 1939 og 1940 á sama veg og við Breta. Og hann
hafði uppi fádagerðir um það, að það væri rétt fyrir
okkur að sigla með okkar fisk til Arkangelisk í Rúss-
landi í staðin fyrir til Englands. Og þessari stefnu

var haldið áfram, þangað til Rússar komu í stríðið. Þá breyttist það, sem áður hafði verið kallað landráðavinna í landvarnarvinnu. Og gangurinn var svo sá, að kommúnistar heimtuðu það af mikilli ákefð fyrst á árinu 1945, að við færum í stríðið á móti Þjóðverjum og Japönnum. Listum ófriði á hendur þessum þjóðum. Þið sjáið nú samræmið í því við kröfur þeirra nú um það, að Íslendingar megi aldrei blanda sér í deilur annarra þjóða. En þessi krafa, að við blönduðum okkur í stórvelda stríðið byggðist á því, að Rússar höfðu heimtað af smárikjunum, sem stóðu utan við styrjöldina, að þau segðu þessum stórveldum stríð á hendur, áður en þau fengju að ganga í bandalag hinna sameinuðu þjóða. Svo að krafan var beinlínis settuð að austan.

Þetta fékk nú ekki byr, en þá reyndu kommúnistar að halda því mjög á lofti, að þó að við færum ekki beint í stríðið, þá hefðum við nú samt verið einskonar stríðsþjóð, því að við höfðum lagt svo mikið af mörkum. Það mátti að vissu leyti til sanns vegar færa. Eins skal ég ekki segja það, að það hefði ekki vel getað komið til mála, að Íslendingar hefðu farið í þetta stríð, ef þeir hefðu gert það tímanlega og þegar þeir gátu það gang gert. Hitt var auðvitað algjörlega ósamboðið íslenzku þjóðinni, ef að við færum í stríðið eftir að búið var að sigra Þjóðverja og legðumst þar með eins og rotta á náinn. Slíkt er auðvitað svo langt fyrir neðan allar hellur, að það var ekki furða, þó að það veki mikla andúð á sínum tíma.

En svo kemur það, að þessir sömu menn, sem héldu

Þessari stefnu fram, þeir segja, að við eigum að halda okkur fyrir utan allar deilur og ekki ljá neinu stórveli aðstöðu á okkar landi. En sami flokkurinn í Noregi, hann berst fyrir því þar, að Noregur geri sáttmála við Sovet-Rússland um að Sovet-Rússland fái að víggirða Svalbarða.

Það er auðvitað alveg greinilegt, af hvaða toga þessi mismunandi afstaða kommúnistanna í Íslandi og Noregi er sprottin. Á Íslandi hafa kommúnistar, eins og sakir standa, ekki neina von um það, að Ísland, að Kommúnisminn verði ofaná eða Rússland fái hér neina afstöðu??. Þess vegna vilja þeir halda Íslandi opnu og algjörlega ós óvörðu til þess að Rússar geti steypt sér yfir landið, ef að þeim svo líst. Það tjáir ekki að neita þessari staðreynd, hún er öllum auðsæ, sem um hana hugsa, þar sem í Noregi aftur á móti, þá er Noregur svo nærri Rússlandi, að það er hæpið, að Norðmenn þori að standa á móti Rússum, og þá er frekjan þeim mun meiri, að þar á beinlínis að láta Rússum í tó obinberar herstöðvar.

Það er auðvitað ákaflega, sannara sagt, grátlegt, að þeir menn, sem ganga svona bersýnilega í þjónustu erlends ríkis, skuli geta hjúpað um sig einskonar þjóðernisblæju. Og það er auðvitað eitt af hlutverkum ykkar ungra Sjálfstæðismanna að reyna að berja þessar staðreyndir inn í öskulýðinn???, þannig að hann láti ekki blekkjast af áróðri kommúnista í þessum efnum.

Hitt er svo allt annað mál, hvaða afleiðingum við eigum að taka af því, að við getum ekki treyst því, að Ísland drægist ekki inn í stórveldastyrjöld, þegar

þar að kemur. Við eigum að gera okkur ljóst, að kommúnistarnir stefna beinlínis að því, að Ísland standi opið og óvarið til þess að sá, sem verður fljótastur og blygðanarlausastur til þess að hrifsa það til sín, geti gert það, þegar til stórveldastyrjaldar kemur.

Það gæti auðvitað leigið ákaflega nærri að segja. Ja, afleiðing þess er sú, að við verðum að gera bandalag við vinveitt veldi, sem við treystum, að ekki fari með hernaði á hendur okkur og vilji virða okkar sjálfstæði og vernda okkur, svipað og Bretar og Bandaríkjamenn gerðu í síðustu styrjöld. Þetta sjónarmið hefur nú ekki orðið ofaná, þvert á móti þá hafa Íslendingar ~~minnað~~ neitað því að láta nokkurt stórveldi fá hér nokkra hernaðaraðstöðu, og eftir því, sem málin hafa þróast, hefur það áreiðanlega verið rétt ráðið. Hitt er alveg gefinn hlutur, að vist Bandaríkjamanna hér með þeim hætti, sem er, er engin ögrun við sjálfstæði landsins. Ef Bandaríkjamenn hefðu viljað viðhafa sams konar aðferðir, eins og valdhafarnir í Rússlandi hafa viðhaft gangvart nágrönnum sínum, þá hefðum við ekki verið spurðir á sama veg og gert var og allra sízt hefði þá verið látið sitja við neitun okkar, heldur hefðum við beinlínis verið kúgaðir til þess að láta af hendi land undir bækistöðvar, svipað því eins og Finnland hefur orðið að gera, og Baltískulöndin urðu að gera, áður en þau voru beinlínis innlimað í rússneska stórveldið.

Bandaríkjamenn hafa sýnt sinn ólíka hug í því að virða allar okkar óskir og ganga þekki lengra í kröfu-

gerð á hendur okkur, hefur en að öllu leyti samrýmdist óskum okkar, eða því, réttara sagt, sem við töldum samrýmanlegt okkar fullveldi, og því, sem gerði það að verkum, að Bandaríkin urðu nausynlega að hafa, vegna ríkjandi ástands, það er að segja her-setunnar í Þýzkalandi.

Því er stundum haðið fram, að Bandaríkjamenn hafi seilt til þess að hafa þennan flugvöll á Reykjanesi, vegna þess að þeir mundu geta ráðist þaðan á ~~Evrika~~ Evrópu, eins og kommúnistarnir segja. Sænskur hernaðarsérfræðingur hefur nú nýlega skrifað um það í sænskt blað, maður, sem hér er öllum ókunnugur, ég hef aldrei heyrt getið um áður??, og sýnt fram á, að þó að völlurinn hér sé stór og mikill, þá sé hann als ekki gerður til slíkra árása, heldur aðeins sem millistöð. Nú, alveg augljós rök í þessu eru það, að Íslendingar, að Bandaríkjamenn hafa herstöðvar í sjálfu Þýzkalandi, og ef að þeir hygðu á árásir gagnvart Rússum, þá þarfnast það ekki skýringar, að það væri mikið hentara fyrir þau að ráðast á Rússland frá löndum, sem liggja upp að landamærum Rússlands sjálfs og ekki þarf yfir úthöf að fljúga. Og xx vegna þess, að samningurinn glidur ekki, nema í mesta lagi með þessar bælistöðvar haldast í Þýzkalandi, þá er þetta tal um að völlurinn hér sé árásarstöð á Evrópu fullkomin markleysa. Sannleikurinn er sá, að völlurinn er eingöngu flugumferðarstöð, við höfum sjálfir fullkomið tækifæri til þess að fylgast með öllu, sem þar gerist, hafa eftirlit með því, að þar eigi sér engar hernaðaraðgerðir sér stað, og það, að þetta form var haft á umráðum vallarins, kemur af þeirri staðreynd, sem við verðum að játa, að eins og sakir standa, miðað við stærð þjóðarinnar og þau

mörgu verkefni, sem við höfum að inna af hendu, þá höfum við einfaldlega hvorki mannafla né þekkingu eða efni á því að halda uppi svo stórríkjalegri flugstöð, sem þarf að vera í norðanverðu Atlantshafi til þess að tryggja þær miklu samgöngur, sem þar eiga sér stað.

Með þessum samningi er þess vegna engin ógn færð yfir aðra, það er ekki á neinn hátt skertur réttur Íslands, þetta er samningur, sem af breittum breytanda er svipaður, að sömu leyti ólík atvik. Þess vegna eru sum atriðið ekki eins, eins og annars staðar, en af breittum breytanda þá er þetta samskonar samningur og gerður er í fjölda mörgum tilfellum milli þjóða, og engum þykir varhugavert, þar sem menn eru vanir milliríkjaviðskiptum og ýmskonar samgöngum milli þjóðanna.

Það, að tekist hefur að egna til ~~nokkrum~~ nokkrar óánægju út af þessu máli hér, byggist eingöngu á því, hversu menn eru óvanir því að fást við slík mál, hversu við erum ennþá, ef svo má segja, barnalegáx viðkvæmnir í þessu, líðum?? af vissri minnimáttarkennd og höldum að verið sé að ógna okkar sjálfstæði, ef við gerum svipaða samninga, eins og daglega eru ~~gerðir~~ gerðir í öðrum ríkjum. Alveg eins og einn sendiherra, sem hér dvaldi, réttilega sagði, þegar þessi samningur var gerður, og mestur gangurinn var í kringum hann. Svona samninga heima hjá okkur berum við ekki einu sinni undir þingið, þeir eru gerðir hljóði, án þess að nokkrum þyki það umtalsmál.

Það má segja, að þessu gæti verið samfara vegna smærðar þjóðarinnar, ef um yfirráð árásarþjóð væri að

~~ræða~~

ræða, en þar sem um er að ræða lýðfrjálsa þjóð, sem stendur á svipuðu menningarstigi með hugarfar, eins og viðsjálfir og sýnt hefur í margra ára viðskiptum, að hún virðir rétt okkar í hvívettna, þá er engin ástæða til grunnsemda í þessum efnum.

Ég hef nú nokkuð vikið að þessum samningi, af því að sumir hafa reynt að gera hann að einskonar meginþetti í okkar utanríkismálum. En samningurinn er beint framhald af vinsamlegum skiptum okkar við vesturveldin, Breta og Bandaríkin, skiptum, sem eru auðvitað þeim mun sjálfsagðari, sem þar fer saman, að þessar þjóðir hafa, eins og ég sagði áðan, að ótrúlega mörgu leyti svipaða menningu, þó að þær séu stærri og ríkari, heldur en við, hafa sams konar stjórnarfyrikomulag, það lýðræði, sem er alls ekki eins útbreitt í heiminum, eins og menn skyldu halda, og sem hafa þar að auki þá landfræðilegu aðstöðu til Íslands, að þó að við vildum halda uppi fjandskap við þessi ríki, þá væri það okkur ákaflega erfitt. Vissasti vegurinn til þess að lenda í vandræðum og skapa ófrið um Ísland, væri það, ef að hér næðu völdum menn, sem væru fjandsemlegir Bretum og Bandaríkjunum. Menn skyldu ekki halda, að það yrði þolað, ef til styrjaldar kæmi, til dæmis að hægt yrði að nota Ísland, sem einskonar ríting til þess að reka í bakið á Bretlandi, eða til þess að skera yfir samgönguleiðina á milli Bretlands og Bandaríkjamanna.

Við verðum að gera okkur ljóst, að Ísland er nauðsynlegur áfangi á þessari samgönguleið. Að þessum þjóðum er það nauðsynlegt, vegna lífs og velfarnaðar

síns, að þeim fjandsamleg öfl noti ekki Ísland þeim til ófarnaðar, og ef við viljum velfarnað okkar eigin þjóðar, þá verðum við að stjórna utanríkismálum okkar á þann veg, að þetta geti ~~þetta~~ samrímst. Og gæfa okkar er sem betur fer ~~þá~~ svo mikil, að hagsmunir okkar og þessara ríkja fara algjörlega saman, vegna þess að þetta eru ekki yfirdrottunarríki, heldur ríki, þar sem frjálsræði og svipuð menning ræður sem hér. Það er rétt, að Bretar áður fyrri voru mikil nýlendupjóð, nú eru þeir sjálfir að sundurlima sitt mikla veldi og gefa nýlendunum frjálsræði, og við megum gjarnan minnst þess líka, að jafnvel á þeim árum, þegar Bretar voru nýlendupjóð mikil og voru að leggja undir sig heiminn, þá höfðu þeir hvað ~~þetta~~ eftir annað í hendi sér að taka Ísland og gera það sem eins skonar útvörð fyrir sig. Þeir gerðu það aldrei. Þeir höfðu herskiphér og vissa aðstöðu í Napoleonsstyrjöldunum, slepptu því strax og þeirri styrjöld var lokið. Þeir höfðu mjög rík áhrif hér á árunum 1914 til 18, eins og ég gat um áður. Þeir slepptu því strax og þeirri styrjöld var lokið. Þeir slepptu strax aðstöðu sinni, sem þeir tóku sér 1940, þegar sú nauðsyn var hjá liðin. Og Bandaríkjamenn hafa aldrei viljað taka hér önnur réttindi, ~~þetta~~ en þau, sem þeir hafa getað fengið með frjálsu samþykki þjóðarinnar og látið sér nægja obinbera synjun okkar á beiðni, sem er alveg einstætt að stórveldi hafi borið fram gegn litlu landi og fengið synjun og látið þar við sitja.

Þetta sýnir, að við höfum sízt að óttast af þessum ríkjum, heldur þvert á móti falla hagsmunirnir saman

þó að við skulum ekki gleyma því, að ef að hér fengju völd þeir angurgapar, sem vildu til dæmis nota landið í þágu stórveldis, sem þessum ríkjum væri beinlínis andstætt, þá væri stórkostleg hættu færð yfir landið.

